

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 55 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 7. Júlí 2020 kl. 17:00

í fundarsal Hótel Vestm.

Mættir voru: Agnes Einarsdóttir, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Arnar Pétursson, Birna Vídó Þórsdóttir, Páll Þór Guðmundsson og Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri. Guðlaugur Friðþórsson sat fund gegnum síma. Aníta Jóhannsdóttir boðaði forföll.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins var einn dagskrárliður:

1. **Verkfall undirmanna í Sjómannafélagi Íslands.**

Verkfall hefur verið boðað dagana 7. júlí, 14.-15. júlí og 21.-23. júlí.

Framkvæmdastóri fór yfir stöðuna og atburði síðasta sólarhrings. Ljóst er að ekki tókst að afstýra verkfalli.

Niðurstaða: Með hliðsjón af niðurstöðu Félagsdóms hefur stjórn Herjólfss ohf. falið framkvæmdastjóra og stjórnarformanni félagsins að boða fulltrúa Sjómannafélags Íslands, ásamt fulltrúa félagsmanna, til viðræðna um kjarasaming sem byggir á kjarasamningi við Sjómannafélagið Jötunn frá 11. febrúar 2020.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 18:00

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 8. júlí 2020

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.